



Persónuverndarstefna Heildar fasteignafélags hf.

1. Um persónuverndarstefnu Heildar fasteignafélags hf.

Heild fasteignafélag hf. (hér eftir Heild) er umhugað um vernd persónuupplýsinga og öryggi þeirra gagna sem fyrirtækið vinnur með. Þessi persónuverndarstefna segir til um hvaða persónuupplýsingum fyrirtækið safnar, hvers vegna, hversu lengi upplýsingarnar verði geymdar, hvert þeim kann að vera miðlað og hvernig öryggi upplýsinganna er tryggt. Stefnt er að því að starfsmenn, viðskiptavinir og allir viðsemjendur séu meðvitaðir um hvernig fyrirtækið safnar og vinnur persónuupplýsingar.

Heild meðhöndlar persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2. Ábyrgð

Ábyrgðaraðili er Heild fasteignafélag hf., kt. 480316-0530, Garðastræti 37, 101 Reykjavík. Heild er fasteignafélag sem sérhæfir sig í útleigu atvinnuhúsnaða, atvinnulóðum og þróunarverkefnum. Heild er skráð í fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá og firmaskrá. Frekari upplýsingar um fyrirtækið má nálgast á heimasíðunni www.heild.is. Hægt er að senda skriflega fyrirspurn til fyrirtækisins um meðferð persónuupplýsinga á netfangið fyrirspurn@heild.is.

3. Tegundir persónuupplýsinga

Heild vinnur aðallega almennar tengiliðaupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið nauðsynleg á grundvelli samnings við viðskiptavin, ákvæða laga, með samþykki viðskiptavinar eða vegna lögmætra hagsmuna fyrirtækisins.

4. Tilgangur og heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem óskað er eftir og fyrirtækið býður upp á. Ef upplýsinga er aflað frá öðrum en einstaklingi sjálfum er það gert samkvæmt umboði hans og upplýst hvaðan upplýsingarnar koma.

5. Varðveislutími upplýsinga

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasambandi varir eða eins lengi og nauðsynlegt er miðað við vinnslu og skilmála samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma s.s. ef um er að ræða gögn sem falla undir bókhaldslög eru þau varðveitt í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þegar gögn eru ekki lengur nauðsynleg til að uppfylla samningsbundnar skyldur eða lagaskyldur er þeim eytt.

6. Miðlun persónuupplýsinga

Heild mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema félaginu sé skylt samkvæmt lögum að afhenda persónuupplýsingar t.a.m. til eftirlitsstofnana, löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem hafa heimild að lögum til að móttaka umræddar upplýsingar. Þá getur Heild verið skylt að afhenda persónuupplýsingar ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita slíkar upplýsingar fyrir dómi eða hjá

lögreglu. Viðskiptavinur getur þó heimilað fyrirtækinu afhendingu persónuupplýsinga um hann. Upplýsingar eru eftir atvikum sendar til vinnsluaðila sem vinnur persónuupplýsingar á vegum Heildar eða sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd fyrirtækisins. Þeir sem veita viðtöku upplýsingum um viðskipta- og/eða einkamálefni viðskiptavina eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um starfsmenn fyrirtækisins.

7. Öryggi persónuupplýsinga

Það hvílir skylda á Heild að gæta að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem fyrirtækið vinnur með. Heild leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, fræðslu til starfsmanna og samskiptaöryggi.

8. Réttindi viðskiptavinar

Einstaklingur á rétt á staðfestingu frá Heild á því hvort unnið sé með persónuupplýsingar um hann og ef svo er til aðgangs að þeim upplýsingum.

Einstaklingur á rétt á að fá tiltekna persónuupplýsingar um sig, sem hann hefur sjálfur látið af hendi á skipulegu, algengu tölvulesanlegu sniði. Eftir atvikum á einstaklingur rétt á að Heild flytji slíkar upplýsingar til annars ábyrgðaraðila sé það tæknilega mögulegt.

Einstaklingur á rétt á að óáreiðanlegar persónuupplýsingar sem varða hann séu leiðréttar og í ákveðnum tilvikum að þeim sé eytt.

Einstaklingur getur andmælt vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar og vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna sérstakra aðstæðna er varða hann. Í kjölfar slíkra andmæla verða persónuupplýsingar ekki unnar frekar nema lagaskilyrði til þess séu til staðar.

Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar telji hann að vinnsla Heildar á persónuupplýsingum hans brjóti gegn gildandi lögum.

Komi fram andmæli viðskiptavinar við vinnslu persónuupplýsinga mun þeirri vinnslu hætt nema unnt sé að sýna fram á lagaskilyldu eða lögmæta hagsmunum sem ganga frammar hagsmunum viðskiptavinar.

9. Samskiptaupplýsingar

Hægt er að hafa samband við Heild með því að senda póst á netfangið fyrirspurn@heild.is eða hringja í síma 568 6787.

10. Endurskoðun

Heild er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni. Allar breytingar á stefnunni verða birtar á vefsíðunni www.heild.is.

Persónuverndarstefna þessi var sett þann 10.9.2018